

<https://doi.org/10.33112.ije.29.1>

Gerðardómar – kjörin leið til að leysa úr ágreiningi sem tengist verkfræðilegum viðfangsefnum

Þróstur Guðmundsson

Gálghamar ehf. Birkiási 5, 210 Garðabæ og Verkfræðideild, Háskólinn í Reykjavík

Fyrirspurnir/Correspondance

Þróstur Guðmundsson
throstur@galghamar.is

Ágrip

Íslenskir gerðardómar byggja á lögum nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma. Þó gerðardómar hafi um langt skeið verið valkostur við úrlausn deilumála í viðskiptum og viðskiptasamningum á Íslandi þá hefur notkun þeirra við úrlausn deilumála í verkfræðilegum viðfangsefnum verið takmörkuð. Fyrir þessu kunna að vera margar ástæður en ein þeirra er skortur á upplýsingum og þekkingu. Í þessari grein er leitast við að draga fram kosti og galla gerðardóma í samanburði við rekstur mála fyrir almennum dómstólum. Auk gerðardóma fyrir viðskiptasambönd þekkjast gerðardómar sem snúa að launa- og kjaramálum en slíkir gerðardómar eru fyrir utan viðfangsefni þessarar umfjöllunar

Hugmyndafræði gerðardóma

Gerðardómar eru grundvallaðir á þeirri hugmyndafræði að aðilar í viðskiptasambandi hafi frjálst val um hvaða aðferðum þeir beita til að leysa úr ágreiningi sín á milli. Ólíkt almennum dómstólum velja aðilarnir form, umgjörð og þá málsmeðferð sem þeir telja henta úrlausninni, þar með talið val á gerðardómurum og fjölda gerðardómara. Úrskurður gerðardóms er endanlegur og aðfararhæfur innanlands skv. 13.gr. laga 53/1989 um samningsbundna gerðardóma (Lög um samningsbundna gerðardóma, 2017) og á alþjóðavísu á grunni New York Convention sáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1958 (*New York Convention*, 1958).


Almennir dómstólar hins vegar þannig að eftir að annar aðilinn höfðar mál hjá þeim dómstól sem hefur lögsögu í málinu hafa aðilar máls enga stjórn á meðferð málsins eða tímalengd málsmeðferðar. Dómstóllinn velur dómara og stjórnar gangi málsins upp frá

Því. Þegar dómsúrskurður er upp kveðinn getur svo hvor aðili um sig áfrýjað málinu til áfrýjunardómstóls - sem í dag er Landsréttur - og hefst þá nýtt dómsferli sem lýkur með nýjum úrskurði. Ef aðilar eru enn á ný ósáttir geta þeir sótt um málskotsrétt til Hæstaréttar, sem ákvarðar hvort hann tekur málið fyrir eða ekki. Heildarlengd málsmeðferðar á tveimur eða þremur dómstigum er oft talin í árum og á meðan á þessu stendur er engin niðurstaða í málinu. Þetta getur þýtt umtalsverða fjárhagslega áhættu og biðtíma við áframhaldandi rekstur samnings, til dæmis um verklegar framkvæmdir.

Í meginatriðum má segja að um tvö mismunandi form gerðardóma sé að ræða þegar horft er til viðskipta. Annarsvegar eru gerðardómar sem eru undir hatti sérstakra gerðardómsstofnana sem sjá um utanumhald og að ramma inn umgjörð og reglur gerðardómanna, eins og nánar verður vikið að síðar. Hins vegar eru eins skiptis eða „ad-hoc“ gerðardómar sem eru sjálfstæðir og byggja á ákvörðunum sem málsaðilar taka um form og umgjörð.

Tvö megin form gerðardóma

Hér á landi hafa ad-hoc gerðardómar verið ráðandi í verkfræðilegum viðfangsefnum, en víðast hvar erlendis eru ad-hoc gerðardómar einungis taldir ráðlegir hjá mjög stórum fyrirtækjum með mikla þekkingu og reynslu í notkun gerðardóma. Af þessum sökum eru gerðardómar undir hatti gerðardómsstofnana mun algengari erlendis. Sem dæmi má nefna að í almennum samningsskilmálum danska byggingarstaðalsins (*Ab92 - Byggeriets Regler*, n.d.) eru gerðardómsákvæði sem vísa ágreiningsmálum til danska byggingargerðardómsins (*Voldgiftsnævnet*, n.d.) fremur en til dómstóla eða ad-hoc gerðardóma og eins og sést á Mynd 1 eru að jafnaði rekinn 300 – 400 mál fyrir gerðardóminum á ári..



Mynd 1: Fjöldi gerðardómsmála í dönskum byggingariðnaði 2000 – 2017 (Statistical-Overview-of-Cases-1.Pdf, n.d.)

Munurinn á ad-hoc gerðardómum og gerðardómum sem reknir eru undir hatti gerðardómsstofnana felst aðallega í formfestu og regluverki sem snýr að uppsetningu gerðardómsins og stuðningi sem gerðardómararnir fá við rekstur gerðardómsins. Gerðardómsstofnanir (*Gerðardómur Viðskiptaráðs Íslands*, n.d.; *ICC International Court of*

Arbitration®, n.d.; *The London Court of International Arbitration (LCIA)*, n.d.; *SCC Arbitration Institute*, n.d.) víðsvegar um heiminn hafa þróaðar reglur fyrir gerðardóma sem kveða á um aðferðir sem beita má ef upp koma vandamál við skipun og rekstur gerðardóma. Sem dæmi má nefna álitamál um hæfi og valdheimildir gerðardóma, skilgreiningu tímafresta og fleira sem tryggir skilvirkni.

Gerðardómsákvæði í samningum

Þar sem gerðardómur er valkvæð leið fyrir aðila til úrlausnar á deilumálum þá er forsenda þess að mál fari fyrir gerðardóm, að fyrir liggi samkomulag um að þannig skuli leyst úr ágreiningi samningsaðila. Slíkt samkomulag er jafnan hluti af þeim viðskiptasamningi sem aðilarnir gera með sér og getur það verið hvort heldur hluti af almennum samningsskilmálum eða sjálfstæður samningur. Í stað þess að tilgreina almennan dómstól fyrir úrlausn deilumála þá skilgreina aðilar í gerðardómsákvæði samnings að úr ágreiningi skuli leyst fyrir gerðardómi. Skilvirkt gerðardómsákvæði þarf auk þess að innihalda eftirtalda þætti:

- Ákvæði um fjölda gerðardómara,
- hvernig skuli staðið að vali gerðardómara,
- hvort gerðardómurinn skuli vera ad-hoc eða heyra undir gerðardómsstofnun.

Í tilfalli alþjóðlegra viðskiptasambanda (þar sem samningsaðilar eru frá ólíkum löndum) þarf auk þess að:

- Skilgreina lagalegt sæti gerðardómsins (sem felur í sér að velja land hvers gerðardómsslög eiga að gilda um umgjörð og rekstur gerðardómsins),
- ákveða hvaða tungumál skuli notað við rekstur gerðardómsins.

Þó svo samningur sem inniheldur gerðardómsákvæði ógildist af einhverjum ástæðum – til dæmis vegna gjaldþrots eða riftunar – þá lifir gerðardómsákvæðið sjálfstæðu lífi og ef ágreiningur rís í slíkum tilfellum ber að leysa hann fyrir gerðardómi en ekki almennum dómstólum. Þetta er mikilvægt atriði sem tryggir að upphaflegur vilji aðila til að úrskurða um deilumál haldi gildi sínu þrátt fyrir að samningurinn sjálfur ógildist.

Gerðardómslöggjöf

Gerðardómslöggjöf setur almennan ramma fyrir rekstur gerðardóma og ákvæði um að úrskurður gerðardóms sé endanleg niðurstaða sem ekki verður áfrýjað til almennra dómstóla. Í alþjóða gerðardómum skiptir máli að velja lagalegt sæti gerðardómsins vel því gerðardómslöggjöf er breytileg milli landa og það getur skipt máli að sæti gerðardómsins sé í landi sem hefur skilvirka gerðardómslöggjöf og jákvætt viðhorf til gerðardóma. Ákvörðun um sæti gerðardóms snýr eingöngu að framkvæmd og lagalegri umgjörð gerðardómsins sjálfs en hefur ekki áhrif á hvaða lög skulu gilda um hinn eiginlega viðskiptasamning. Þannig er til að mynda hægt að láta íslensk lög gilda um viðskiptasamning en ákvarða sæti gerðardóms og þar með löggjöfina um gerðardóminn í öðru landi.

Til að tryggja samræmi í alþjóðlegri gerðardómslöggjöf létu Sameinuðu þjóðirnar útbúa staðlaða gerðardómslöggjöf sem tekin hefur verið upp í 88 löndum þegar þetta er skrifað (1985, n.d.) og af norðurlöndunum eru bæði Noregur og Danmörk þar á meðal en ekki Ísland, Svíþjóð og Finnland þó stefnt hafi verið að breytingum á íslensku gerðardómslöggjöfinni um nokkurra ára skeið.

Ekki eru allar deilur tækar í gerðardóm þar sem gerðardómslög setja skorður á hvaða mál er heimilt að leysa fyrir gerðardómi. Mál sem falla undir refsilöggjöf eru til dæmis ekki tæk í gerðardómi. Gerðardómslög setja líka fram ýmsar ófrávíkjanlegar kröfur sem snúa að réttlátri málmeðferð sem gerðardómarar verða að fylgja en að öðrum kosti eiga þeir það á hættu að niðurstaða gerðardómsins verði felld úr gildi af almennum dómstól. Slík mál er ekki hægt að taka upp aftur og niðurstaðan því endanleg. Að öðru leyti geta aðilar að mestu samið sín á milli í gerðardómsákvæði um umgjörð og rekstur gerðardóms. Því ítarlegra sem gerðardómsákvæði er, þeim mun minna þurfa gerðardómararnir að ákveða um rekstrarformið. Gerðardómarar hafa talsvert vald til að ákveða það sem ekki er skilgreint í gerðardómsákvæði eða völdum gerðardómsreglum, en þó alltaf í samræmi við lagaumhverfi gerðardómsins.

Ef mál er höfðað fyrir almennum dómstól í tengslum við samning þar sem virkt gerðardómsákvæði er til staðar og gagnaðili er ósáttur og mótmælir lögsögu almenna dómstólsins, þá ber dómstólnum að vísa málinu frá og í gerðardóm í samræmi við gildandi gerðardómslög. Ef gerðardómsákvæði er ekki til staðar þegar upp kemur deila milli aðila eru hinsvegar litlar líkur á að tillaga annars aðilans um gerðardóm hljóti hljómgrunn gagnaðilans, þar sem oft er komin kergja í samskipti aðilanna á þeim tímapunkti. Það er því skynsamlegt fyrir samningsaðila að setja skilvirkt og gott gerðardómsákvæði inn í viðskiptasamninginn strax í upphafi þar sem tekið er á ofangreindum atriðum. Einnig geta þeir gert sérstakan samning um gerðardóm samhliða viðskiptasamningnum. Ef hvorug þessara leiða er valin í upphafi er allt eins víst að sameiginlegir hagsmunir beggja - sem felast í úrlausn fyrir gerðardómi frekar en dómstólum - verði að víkja þar sem aðilar koma sér ekki saman um form, umgjörð og skipan gerðardóms.

Fjöldi og skipan gerðardómara

Grundvallarreglan í gerðardómum er sú að samningsaðilar ákveða í gerðardómsákvæði fjölda gerðardómara en að auki er æskilegt að gerðardómssamningur innihaldi lýsingu á því hvernig staðið skuli að vali gerðardómara. Almenn kröfulýsing um bakgrunn og þekkingu gerðardómara getur verið gagnleg en varast ber að tilgreina tiltekna einstaklinga því vera kann að viðkomandi verði hvorki aðgengilegur né viljugur til að taka sæti sem gerðardómari þegar á reynir. Enn fremur er hugsanlegt að hæfi, vilji eða geta viðkomandi einstaklings til að taka að sér starf gerðardómara hafi breyst í millitíðinni og þá er ekki gott að hafa fest nafn einstaklingsins í ákvæðið. Því er betra að bíða með val gerðardómara þar til leysa þarf úr ágreiningi og taka þá mið af úrlausnarefninu.

Algengast er að gerðardómsákvæði kveði á um annaðhvort einn eða þrjá gerðardómara. Ef um er að ræða einn gerðardómara þá reyna samningsaðilar jafnan að koma sér saman um gerðardómara þegar þeir ákveða að virkja gerðardómákvæðið. Ef þeir ná ekki samkomulagi, og um ad-hoc gerðardóm er að ræða, geta þeir leitað í gerðardómlögin sem tilgreina aðila sem hefur vald samkvæmt lögnum til að skipa gerðardómara í slíkum tilfellum, samanber 4. gr. laga 53/1989 um samningsbundna gerðardóma. Ef samið hefur verið um gerðardómsstofnun kveða gerðardómsreglur viðkomandi stofnunar á um skipunaraðferð.

Ef um þrjá gerðardómara er að ræða er venjan sú að hvor aðili um sig velur einn gerðardómara og þeir sjá síðan í sameiningu um að skipa þann þriðja sem kallast odda gerðardómari (preciding arbitrator). Aftur gilda sömu fyrirvarar um aðstoð við skipun odda gerðardómarans og að ofan greinir, ef ekki næst samkomulag um val hans. Við val á gerðardómurum hafa málsaðilar þannig tök á því að velja aðila sem hafa sérþekkingu á efnisatriðum deilunnar og minnka þar með þörfina á utanaðkomandi sérfræðiaðstoð og skipun sérhæfðra matsmanna til ráðgjafar við gerðardóminn. Þetta á sérstaklega við þegar gerðardómurinn er skipaður þremur gerðardómurum.

Samkvæmt gerðardómsreglum Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands (GVI) (*Gerðardómur Viðskiptaráðs Íslands - Gerðardómsreglur 2016*, n.d. gr. 11.(2)) geta málsaðilar komið sér saman um fjölda gerðardómara en þegar slíkt samkomulag er ekki til staðar kveða reglurnar á um að skipa skuli einn gerðardómara. Stjórn GVÍ getur þó ákveðið í slíkum tilfellum, ef flækjustig málsins er mikið eða fjárhagslegir hagsmunir miklir, að gerðardómararnir skuli vera þrír. Í grein. 11.(3) er málsaðilum gefinn skilgreindur 10 daga frestur til að tilefna gerðardómara en að þeim tíma liðnum lítur stofnun svo á að annar hvor aðilinn hefur ekki tilnefnt gerðardómara hafi sá aðili fyrirgert rétti sínum til tilnefningar og skipar þá stjórn GVÍ gerðardómarann. Annað mikilvægt atriði sem gerðardómsreglur taka á er skilgreint verklag þegar annar hvor málsaðilinn telur að draga megi í efa hlutleysi og óhlutdrægni gerðardómara, hvort sem er við skipun gerðardómsins eða síðar þegar málsmeðferð gerðardómsins hefur hafist. Slík ákvæði er almennt að finna í gerðardómsreglum gerðardómsstofnana en aftur á móti er slíkt almennt ekki til staðar þegar um ad-hoc gerðardóma er að ræða.

Þegar um alþjóðlega ad-hoc gerðardóma er að ræða (international ad-hoc arbitration) geta aðilar valið UNCITRAL arbitration rules (*UNCITRAL Arbitration Rules*, n.d.) gerðardómsreglur frá Sameinuðu þjóðunum en að öðrum kosti verða aðilarnir að sníða sínar eigin reglur.

Gerðardómur Verkfræðingafélags Íslands (Kolbeinsson et al., n.d., Fylgiskjal 2) er einhverskonar millistig milli ad-hoc gerðardóms og gerðardóms undir merkjum gerðardómsstofnunar. Gerðardómsreglur hans taka á skipun gerðardómara og tilgreina að alla jafna skuli gerðardómararnir vera þrír, valdir og tilnefndir af félagsstjórninni en samþykktir af málsaðilum. Reglurnar kveða á um að formaður gerðardómsins skuli vera hæfur til að gegna stöðu hæstaréttardómara en aðrir gerðardómarar verði valdir út frá

sérþekkingu viðkomandi á efnisatriðum deilunnar. Þetta er frávik frá almennum reglum þar sem að málsaðilar velja gerðardómara eða ákveða sjálfir að framselja valið til gerðardómsstofnunar eða þriðja aðila.

Hlutleysi og óhæði gerðardómara

Forsendur þess að einstaklingur sé hæfur sem gerðardómari eru hlutleysi og óhæði. Hlutleysi og óhæði gagnvart málsaðilum og deiluefninu eru tvö grundvallarskilyrða sem einstaklingar þurfa að uppfylla þegar þeir taka að sér hlutverk gerðardómara. Þetta eru líka atriði sem málsaðilar ættu að hafa í huga þegar þeir nálgast einstaklinga sem þeir hyggjast tilnefna sem gerðardómara.

Hér er rétt að skoða muninn á hlutleysi og óhæði og hvers vegna hlutleysi og óhæði er mikilvægt þegar kemur að gerðardómum. Óhæði snýr til dæmis að mögulegum fjárhaglegum tengslum gerðardómara við annan málsaðilann sem gera hann á einhvern hátt fjárhagslega háðan aðilanum. Í því ljósi gæti mótaðilinn dregið heilindi gerðardómarans í efa þegar kemur að úrskurði málsins. Hlutleysi snýr hinsvegar að atriðum eins og

- upplýstri afstöðu og skoðunum gerðardómarans til deiluaðilanna,
- upplýstri afstöðu og skoðunum gerðardómarans til málefna og viðfangsefna,
- fjölskyldu- og vináttutengslum,
- eignatengslum,
- hugsanlegri aðild að deilunni.

Hlutleysi og óhæði er mikilvægt til að tryggja réttláta málsmeðferð. Því til viðbótar er ein af forsendum þess að hægt sé að fá niðurstöðu gerðardóms hnekkst að málsaðili geti sýnt fram á hugsanlega hlutdrægni eða ósjálfstæði einhvers af þeim gerðardómurum sem kváðu upp úrskurð. Þess vegna er mikilvægt að hlutleysi og óhæði sé hafið yfir allan vafa.

Mat á hlutleysi og óhæði er þó alla jafna huglægt og til að bregðast við því er miðað við að ef óháður þriðji aðili geti dregið hlutleysi eða óhæði í efa þá sé grundvöllur til að hafna samþykki gerðardómara. Einnig getur þá verið grundvöllur til að fá þegar samþykktum dómara vikið úr gerðardómnum og nýjan skipaðan.

Ef upp kemur álitamál um hæfi gerðardómara er mikill kostur að hafa gerðardómsreglur frá gerðardómsstofnun til að styðjast við. Án slíkra reglna er öll málsmeðferðin ófyrirséð og getur tekið mun lengri tíma en ella. Í alþjóðlegum gerðardómi er almennt stuðst við viðmiðunarreglur frá International Bar Association (*IBA Guidelines on Conflicts of Interest in International Arbitration*, 2014) sem besta viðmið fyrir hlutleysi og óhæði og er ekkert því til fyrirstöðu að nýta viðmiðunarreglurnar í gerðardómum þar sem málsaðilar eru íslenskir.

Eins og áður sagði er ætlast til að einstaklingar kanni eigið hlutleysi og óhæði þegar aðilar nálgast þá með beiðni um að taka sæti í gerðardómi. Ef þeir telja vafa leika á því

að þeir uppfylli skilyrðin þeim að hafna beiðninni. Ef þeir meta sjálfa sig hæfa er engu að síður krafa um að þeir upplýsi málsaðila og aðra gerðardómara um öll tengsl sem gætu í augum óháðs þriðja aðila dregið hæfið í efa. Véfengi annar málsaðilinn hæfi gerðardómara kemur til kasta gerðardómsins (meirihluta hans) um að úrskurða um hæfið. Við mat á hæfi gerðardómara þarf gerðardómurinn að hafa í huga kröfuna um réttláta málsmeðferð og aðfararhæfi endanlegs úrskurðar.

Réttlát málsmeðferð

Grundvallarregla í réttarkerfinu er að allir aðilar hljóti réttláta málsmeðferð. Þessi krafa er einnig til staðar varðandi gerðardóma. Hér að framan var rætt um hlutleysi og óhæði gerðardómara en réttlát málsmeðferð snýr einnig að rétti málsaðilanna til að flytja mál sitt, rétti þeirra til að á þá sé hlustað og til sanngjarnrar málsmeðferðar án mismununar. Telji aðilar að þessu skilyrði hafi ekki verið fullnægt geta þeir leitað til dómstóla til að reyna að koma í veg fyrir fullnustu úrskurðar gerðardómsins.

Trúnaður

Þegar aðili höfðar mál fyrir almennum dómstól veit hann að skráning málsins mun lenda í opinberri málaskrá dómstólsins og öll gögn verða afhent opinberum dómstól. Í tilfelli gerðardóma er málið bundið trúnaði og engar opinberar skráningar fara fram. Þetta er einn af aðal kostum gerðardóma sem úrlausnarleiðar í viðskiptadeilum. Umheimurinn þarf ekki að vita af deilunni og þar með ekki aðrir ytri aðilar sem eiga í viðskiptasambandi við málsaðilana. Þessu til viðbótar er auðveldara fyrir málsaðila að viðhalda viðskiptasambandi þrátt fyrir deiluna, ef hún er á fárra vitorði.

Valdsvið gerðardómara

Valdsvið gerðardómara til að ákvarða feril málsmeðferðar er almennt mikið, en afmarkast þó af þeim ramma sem málsaðilar hafa skilgreint í gerðardómssamningi sínum og þeim gerðardómsreglum sem málsaðilar hafa valið. Þetta á við um umfang, meðferð og vægi sönnunargagna, ákvörðun um yfirheyrslur vitna og sérfræðinga, staðsetningu yfirheyrsla og tímafresti. Gerðardómarar verða þó ávallt að hafa í huga að málsaðilarnir fái réttláta málsmeðferð og að úrskurður gerðardómsins sé í samræmi við gildandi lög og framlögð gögn. Í ad-hoc gerðardómum er valdsvið gerðardóma því almennt mjög mikið, þar sem fátítt er að gerðardómsákvæði skilgreini ítarleg fyrirmæli um málsmeðferðina. Valdsvið þeirra er þrengra þegar gerðardómsreglur gerðardómstofnana ramma málsmeðferðina inn.

Gerðardómi ber að úrskurða um allar kröfur sem vísað er til hans í gerðardómsbeiðni sóknaraðila auk mótkrafna varnaraðila. Gerðardómur hefur hins vegar ekki heimild til að fara út fyrir þann ramma sem kröfugerðin setur fram enda er hann þá kominn út fyrir valdsvið sitt og aukast þá líkurnar á að fullnustu úrskurðar kunni að vera hafnað af þar til bærum dómstól, eins og vikið verður að síðar.

Gerðardómar hafa vald til að kalla eftir óháðu sérfræðiáliti, telji þeir sig þurfa aðstoð við að skilja og greina einstök efnisatriði. Í mörgum tilvikum hafa málsaðilar skilað sérfræðiálitum sem stangast á og þá grípur gerðardómurinn gjarnan til þessa úrræðis ef nauðsynleg sérþekking er ekki til staðar meðal gerðardómaranna. Þörfin á slíku sérfræðiáliti minnkar ef tekið er tillit til úrlausnatriða í deilunni og gerðardómarar með þekkingu á úrlausnatriðinu eru valdir og skipaðir í gerðardóminn.

Gerðardómsferlið

Dæmigert gerðardómsferli hefst með framlagningu gerðardómsbeiðnar þar sem fram koma allar helstu upplýsingar um aðila málsins, gildan gerðardómssamning eða gerðardómsákvæði og grundvöll kröfugerðarinnar. Í kjölfarið hefst innra ferli við skipun gerðardómsins með leit og skipun gerðardómara. Í framhaldi af því leggur sækjandi fram stefnu sem inniheldur málsgögn og forsendur kröfugerðarinnar. Stefnan er afhent varnaraðilanum sem leggur síðan fram sína greinargerð með mótrökum og hugsanlegum mótkröfum. Næsta skref er greinargerð og viðbótargögn sækjandans vegna mótkrafnanna og sambærilegt fyrir varnaraðilann. Að lokinni gagnaöflun þurfa gerðardómararnir að fara yfir og kynna sér öll málsgögnin í þaula áður en kemur að málflutningi og vitnaleiðslum þar sem vitni og sérfræðingar gefa vitnisburð og svara spurningum. Að vitnaleiðslum loknum útbýr gerðardómurinn niðurstöðu sem afmarkar endalok málsins með formlegum úrskurði sem er aðfararhæfur og ekki er hægt að áfrýja efnislega til dómstóla.

Eins og sést á einfaldri tímalínu í mynd 3 þá er hér um að ræða ferli sem þarf gott utanumhald til að það gangi hratt og vel fyrir sig. Í ad-hoc gerðardómum er það alfarið á ábyrgð gerðardómsins að skilgreina tímafresti og halda aðilum við efnið en í þeim tilfellum þegar gerðardómurinn er rekinn undir hatti gerðardómsstofnunar þá er ferlið betur rammað inn með skilgreindum tímafrestum og þá liggur ljóst fyrir hvað gerist ef annar hvor aðilinn reynir að tefja málið.



Mynd 2: Dæmigert ferli (tímalína) máls fyrir gerðardómi

Gerðdómsstofnanir setja tímaramma fyrir gerðardóma til að reyna að tryggja skilvirkni þeirra og takmarka tímamann sem málsmeðferðin má taka. Engar slíkar kvaðir eru til staðar í tilfellum ad-hoc gerðardóma, nema aðilar hafi sérstaklega samið um slíkt í gerðardómssamningi sínum. Gerðardómur Viðskiptaráðs Íslands áætla að dæmigerð málsmeðferð hjá GVÍ taki um hálf ár (*Gerðardómur Viðskiptaráðs Íslands*, n.d.) og að þeim tíma liðnum er komin endanleg niðurstaða í deiluna sem verður að teljast mikill kostur þegar horft er til þess að málaferli fyrir almennum dómstólum geta tekið mun Verkfæringafélag Íslands // Association of Chartered Engineers in Iceland - <https://www.ije.is>

lengri tíma, ekki síst ef máli er áfrýjað. Hjá gerðardómsstofnun SCC í Stokkhólmi voru 143 ný mál tekin fyrir á árinu 2022 og þar á meðal voru mál þriggja íslenskra fyrirtækja, eitt sem byggði á íslensku gerðardómslögum (var með sæti á Íslandi) og eitt þar sem hinn eiginlegi viðskiptasamningur byggði á íslenskum lögum (*SCC Statistics | Hem - Stockholms Handelskammars Skiljedomsinstitut, n.d.*). Á sömu upplýsingasíðu SCC má sjá að 67% mála klárast inna eins árs þegar stuðst er við almennar gerðardómsreglur stofnunarinnar (*1.-SCC Arbitration Rules 2023.Pdf, n.d.*) en í þeim tilfellum sem stuðst er við sérstakar reglur fyrir hraða meðferð (*4.-Scc Expedited Arbitration 2023.Pdf, n.d.*) klárast málin í 84% tilvika innan hálfis árs.

Úrskurðir – endanleg niðurstaða og aðfararhæfi

Niðurstaða gerðardóms er sett fram í formlegum úrskurði þar sem málsatvik og lykil forsendur eru raktar og lagalegur grunnur niðurstöðu gerðardómsins settur fram. Úrskurðir gerðardóma eru aðfararhæfir skv. 13. gr. gerðardómslaganna og því efnislega endanlegir og verður almennt ekki áfrýjað til almennra dómstóla. Telji aðilar hins vegar að þeir hafi ekki hlotið réttláta málsmeðferð eða að í ljós hafi komið vanhæfi gerðardómara þá geta þeir leitað til dómstóla til að fá úr slíkum málum skorið. Komist dómstóll að því að slíkar athugasemdir séu réttmætar getur dómstóllinn ógilt niðurstöðuna þannig að hún verði ekki lengur aðfararhæf. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma listar upp þau tilvik sem leitt geta til ógildingar gerðardóms. Þessi atriði eru:

- 1) ef gerðarsamningur var ógildur,
- 2) ef gerðarmenn voru vanhæfir,
- 3) ef málsmeðferð var áfátt í verulegum atriðum,
- 4) ef gerðarmenn hafa farið út fyrir valdsvið sitt,
- 5) ef gerðardómur er ekki í lögmætu formi,
- 6) ef gerðardómur er bersýnilega reistur á ólögmætum sjónarmiðum eða fer í bága við allsherjarreglu.

Komist dómstóll að þeirri niðurstöðu að ógilda skuli gerðardóm þá getur hann ekki vísað deilunni til baka í gerðardóminn, á sama máta og áfrýjunardómstóll getur vísað máli aftur á lægra dómstig í almenna réttarkerfinu. Úrskurður gerðardómsins er einfaldlega úrskurðaður óaðfararhæfur og þá er engin leið fyrir málsaðilana að skjóta sama máli aftur til úrlausnar, hvorki til gerðardóms né almenns dómstóls. Þannig eru miklir hagsmunir í húfi fyrir málsaðila að gerðardómsferli hafi allt verið samkvæmt lögum. Það er líka mikilvægt fyrir gerðardómara að ferlið standist skoðun þar sem ógilding rýrir orðspor þeirra sem gerðardómara.

Úrskurðir í alþjóðlegum gerðardómum um viðskipti milli landa eru aðfararhæfir á grunni New York Convention sáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1958 (*New York Convention, 1958*). Forsendan er þó sú að ríki samningsaðilanna hafi fullgilt sáttmálann og að ekki sé

um að ræða atriði í meðferð gerðardómsins sem réttlæta ógildingu hans samanber ógildingarákvæði í 12. gr. íslensku gerðardómslaganna. New York Convention er sá samningur/sáttmáli á vegum Sameinuðu þjóðanna sem hefur lang mesta útbreiðslu og þegar þetta er skrifað hafa 172 ríki fullgilt sáttmálann (New York Convention, n.d.). Þetta þýðir að ef fyrirtæki í tveimur aðildarríkjum leysa úr ágreiningi sínum fyrir gerðardómi sem hefur sæti í aðildarríki (getur verið ríki annars samningsaðilans eða óháð þriðja ríki) þá er úrskurðurinn aðfararhæfur í hvaða ríki sem er af þessum 172. Þetta er mikill kostur því almennt er dómsniðurstaða í einu ríki ekki aðfararhæf í öðru ríki.

Lokaorð

Eins og rakið hefur verið í þessar grein hafa gerðardómar marga kosti umfram almenna dómstóla þegar kemur að úrlausn deilumála um viðskiptasamninga og verkfræðitengd málefni, þar á meðal verktökusamninga. Málshraði, trúnaður, möguleikar málsaðila á að ákvarða ferli og umfang gagnaöflunar ásamt rétti þeirra til að velja gerðardómara sem þeir treysta og hafa sérfræðipækkingu á viðfangsefni deilunnar eru meðal nokkurra atriða sem gera gerðardóma fýsilega. Sökum trúnaðar hafa málsaðilar einnig betri möguleika á að viðhalda viðskiptasambandi, sem kann að vera báðum aðilum mikilvægt þrátt fyrir ágreining um tiltekið afmarkað málefni. Víða erlendis eru gerðardómar algengt form við úrlausn slíkra mála og sem dæmi má nefna að í danska byggingastaðlinum, *Danish standard contract for construction (AB92)*, eru gerðardómsákvæði sem vísa ágreiningsmálum til danska bygginga- og framkvæmda gerðardómsins Voldsgiftsnævnet (*Ab92 – Byggeriets Regler*, n.d.) frekar en til almennra dómstóla.

Helsta ástæða líttillar notkunar gerðardóma hér á landi er almennt talin vera skortur á þekkingu á gerðardómum meðal verkfræðinga, lögfræðinga og annarra sem undirbúa útboð og samningagerð. Betri þekking á eðli gerðardóma er til þess fallin að auka notkun þeirra sem úrlausnarleiðar til hagsbóta fyrir málsaðila þar með talið að aðilar geti viðhaldið farsælum viðskiptasamböndum þrátt fyrir ágreining um afmörkuð viðfangsefni.

Heimildaskrá

- 1.-*SCC arbitration rules 2023.pdf*. (n.d.). Retrieved October 15, 2023, from https://sccarbitrationinstitute.se/sites/default/files/2023-03/1.-scc_arbitration_rules_2023.pdf
- 4.-*scc expedited arbitration 2023.pdf*. (n.d.). Retrieved October 15, 2023, from https://sccarbitrationinstitute.se/sites/default/files/2023-03/4.-scc_expedited_arbitration_2023.pdf
- ab92 – Byggeriets Regler: AB18, AB92, ABR18*. (n.d.). Retrieved January 21, 2021, from <https://www.byggerietsregler.dk/regler/ab92/>
- Convention on the recognition and enforcement of foreign arbitral awards*. (1958). New York Arbitration Convention. <http://www.newyorkconvention.org/11165/web/files/original/1/5/15432.pdf>

- Gerðardómur Viðskiptaráðs Íslands.* (n.d.). Viðskiptaráð Íslands. Retrieved October 1, 2023, from <https://www.vi.is/gerdardomur>
- Gerðardómur Viðskiptaráðs Íslands—Gerðardómsreglur 2016.* (n.d.). Retrieved January 15, 2021, from [https://www.vi.is/files/thjonusta/2016_12_15_ger%C3%B0ard%C3%B3msreglur_%C3%ADslensk%20%C3%BAtg%C3%A1fa%20\(1\).pdf](https://www.vi.is/files/thjonusta/2016_12_15_ger%C3%B0ard%C3%B3msreglur_%C3%ADslensk%20%C3%BAtg%C3%A1fa%20(1).pdf)
- IBA Guidelines on Conflicts of Interest in International Arbitration.* (2014). International Bar Association. www.ibanet.org
- ICC International Court of Arbitration®.* (n.d.). ICC - International Chamber of Commerce. Retrieved October 15, 2023, from <https://iccwbo.org/dispute-resolution/dispute-resolution-services/icc-international-court-of-arbitration/>
- Kolbeinsson, K., Ólafsson, V., Sveinsson, B. I., Torfason, H., Heimisdóttir, K., & Valdimarsson, Ó. (n.d.). *Sáttaleiðir í mannvirkjagerð og framtíð Gerðardóms Verkfræðingafélags Íslands.* Verkfræðingafélag Íslands.
- Lög um samningsbundna gerðardóma, Pub. L. No. 53/1989 (2017).
- New York Convention. Retrieved March 14, 2023, from <https://www.newyorkconvention.org>
- SCC Arbitration institute.* (n.d.). Retrieved October 1, 2023, from <https://sccarbitrationinstitute.se/en>
- SCC statistics | Hem—Stockholms Handelskammars Skiljedomsinstitut.* (n.d.). Retrieved October 15, 2023, from <https://sccarbitrationinstitute.se/en/about-scc/scc-statistics>
- Statistical-overview-of-cases-1.pdf.* (n.d.). Retrieved January 21, 2021, from <https://voldgift.dk/wordpress/wp-content/uploads/2018/09/Statistical-overview-of-cases-1.pdf>
- The London Court of International Arbitration (LCIA).* (n.d.). Retrieved October 9, 2018, from <http://www.lcia.org/>
- UNCITRAL Arbitration rules.* (n.d.). Retrieved September 30, 2018, from http://www.uncitral.org/uncitral/en/uncitral_texts/arbitration/2010Arbitration_rules.html
- UNCITRAL Model Law on International Commercial Arbitration. Retrieved February 2, 2021, from https://uncitral.un.org/en/texts/arbitration/modellaw/commercial_arbitration/status
- Voldgiftsnævnet.* (n.d.). Retrieved October 15, 2023, from <https://voldgift.dk/>